

## Stofnanasamningur

milli Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) og Landspítala (LSH) um forsendur röðunar starfa  
Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs  
annars vegar og Sjúkraliðafélags Íslands hins vegar

### 1 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra starfsmanna á Landspítala sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Sjúkraliðafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

### 2 Forsendur röðunar og framkvæmd

Við ákvörðun um röðun starfa í launaflokka skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðli starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verksvið.

Taka skal tillit til faglegrar, stjórnunarlegrar og/eða fjárhagslegrar umsjónar. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

Röðun starfa/starfsmanna í launaflokka er á grundvelli:

- skilgreininga á störfum samkvæmt starfaflokkun
- reglna um röðun eins og þær eru skilgreindar í greinum 3 og 4 í samningi þessum
- breytinga og viðbóta sem kunna að verða ákveðnar í samstarfsnefnd

Ákvörðun um röðun skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum félagsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

Gerð starfslýsinga og ákvörðun um niðurröðun verkefna er í höndum stofnunar. Röðunarreglur þessar fela ekki í sér breytingar á núverandi störfum eða starfslýsingum starfsmanna.

### 3 Starfaflokkun og grunnröðun

Þegar rætt er um sjúkraliða í samningi þessum er átt við starfsmann sem hefur heimild til að kalla sig sjúkraliða og til að starfa sem sjúkraliði samkv. lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012.

Vegna breytinga á starfsemi Landspítala geta orðið til ný störf sjúkraliða sem þarf að raða sérstaklega.

	<b>Röðun starfa<sup>1</sup></b> <u>Lfl./álagsþrep</u>
Sjúkraliðanemi.....	03-0
Sjúkraliði A – á fyrsta starfsári .....	05-2
Sjúkraliði B – á öðru og þriðja starfsári .....	06-1
Sjúkraliði C – eftir þrjú ár í 60-100% starfi á LSH <sup>2</sup> .....	08-2
Sjúkraliði D .....	09-2
Sjúkraliði E .....	10-1 / 10-2
Sjúkraliði F .....	11-1
Sjúkraliði S.....	13-0

<sup>1</sup> Samkvæmt ákvörðun í samstarfsnefnd SLFÍ og LSH þann 03.08.2011 hækka sjúkraliðar A, B og C um eitt álagsþrep frá og með 01.02.2011, sbr. bókun 1 í kjarasamningi dags. 14.10.2010.

<sup>2</sup> Gert er ráð fyrir að sjúkraliði í 60 – 100% starfi sé kominn í starfslýsingu C eftir þriggja ára starf sem sjúkraliði á stofnuninni, hafi hann að öðru leyti uppfyllt skilyrði viðkomandi starfslýsingar þess starfs. Sjúkraliði í lægra starfshlutfalli fer á sama hátt í starfslýsingu C eftir fjögurra ára starf á stofnuninni.



Sjá nánari lýsingu á starfaflokkun í fylgiskjal 1 meðfylgjandi samningi þessum.

Til viðbótar við grunnröðun skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. gr. 4 hér á eftir.

#### 4 Persónubundnir þættir til ákvörðunar um röðun einstaklinga í launaflokka

- a. Sjúkraliði sem lokið hefur viðbótarmenntun sjúkraliða, einni önn á sérsviði, sem nýtist í viðkomandi starfi samkvæmt mati samstarfsnefndar SLFÍ og LSH hækkar um eitt álagsþrep.
- b. Sjúkraliði sem lokið hefur viðbótarmenntun í fleiri en einni grein, sem nýtist honum í starfi hækkar um eitt álagsþrep til viðbótar við hækjun samkvæmt a.
- c. Sjúkraliði sem lokið hefur símenntun og fengið námskeiðsstundir metnar í samstarfsnefnd SLFÍ og LSH (sbr. reglur matsnefndar) hækkar um eitt álagsþrep fyrir 120 stunda nám og önnur tvö fyrir 210 stunda nám<sup>3</sup>. Hámarkshækkun vegna símenntunar er því samtals þrjú álagsþrep.
- d. Sjúkraliði í starfaflokkun A-F sem lokið hefur eins árs sérnámi (t.d. í geð- og öldrunarhjúkrun) en hefur ekki verið ráðinn samkvæmt starfslýsingu S hækkar um einn launaflokk. Sjá bókun 7.

#### 5 Næturvinna

Sé gert ráð fyrir að 50% af fullu starfi eða meira sé unnið að næturlagi (þ.e. næturvakt sem unnin er á tímabilinu 23:00 til 08:30) skal þess sérstaklega getið í starfslýsingu og ráðningarsamningi við viðkomandi starfsmann.

- Ef gert er ráð fyrir að a.m.k. 50% af fullu starfi sé unnið á þennan hátt greiðist álag sem nemur þremur álagsþrepum.
- Sé hins vegar gert er ráð fyrir að 60% eða meira af fullu starfi sé unnið að næturlagi greiðist álag sem nemur fjórum álagsþrepum.

Starfsmaður sem hefur áunnið sér hækjun, vegna persónubundinna þátta o.fl., ofan á grunnlaunatölù launaflokks sem er umfram átta álagsþrep færst í næstu launatölù í næsta launaflokk fyrir ofan.

#### 6 Réttur til endurmats á röðun


Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings.

#### 7 Gildistaka


Samningur þessi gildir frá og með 1. mars 2013.

Reykjavík 7. júní 2013

f.h. Landspítala

  
Aldis Magnúsdóttir

f.h. Sjúkraliðafélags Íslands

  
Kristján A. Guðmundsson  
Gunnar Ó. Gunnarsson

<sup>3</sup> Breyting gerð 14.08.2012, gildir frá 01.03.2012. Þeir sem voru komnir með 1 þrep vegna 200 stunda náms samkvæmt eldri samningi fá aðeins 1 þrep þegar þeir ná 210 stundunum

## Fylgiskjal 1 Starfaflokkun

Við ákvörðun um röðun starfa innan þess svigrúms sem um er að ræða skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðli starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verksvið, sbr. 2. gr. hér að framan.

### Nánar um starfaflokkun sbr. 3. gr.

Sjúkraliðanemi      Sjúkraliðanemi í starfsþjálfun

Sjúkraliði A      Sjúkraliði á fyrsta starfsári. Byrjandi í starfi er nýtur tilsgnar reynðs fagaðila við störf sín.

Sjúkraliði B      Sjúkraliði á öðru og þriðja starfsári. Starfar sjálfstætt án beinnar tilsgnar og tekur þátt í þróun starfs á sinni einingu. Metur árangur starfsins og þeirrar meðferðar sem veitt er á viðkomandi starfseiningu.

Sjúkraliði C      Sjúkraliði eftir þrjú ári í 60-100% starfi eða eftir fjögur ár í lægra starfshlutfalli á Landspítala. Skipuleggur og forgangsraðar störfum sínum og verkefnum í samræmi við hjúkrunaráætlun deildar sinnar og er fær um að leiðbeina sjúkraliðanemum.

Sjúkraliði D      Sjá nánar starfslýsingu      (sjá bókun 6)

Sjúkraliði E      Sjá nánar starfslýsingu      (sjá bókun 6)

Sjúkraliði F      Sjá nánar starfslýsingu      (sjá bókun 6)

Sjúkraliði S      Sérstaklega skilgreind störf sjúkraliða sem lokið hafa viðbótarnámi, þ.e. eins árs sérnámi t.d. í geð- eða öldrunarhjúkrun.

*K. AG.  
M.T.*

## Bókun 1

Við röðun starfa á þjónustu- og stoðdeildum sjúkrahússins skal þess sérstaklega gætt að lagt sé hlutlægt mat á ábyrgð og sjálfstæði þeirra við ákvörðun launa.

## Bókun 2

Vinnuhópur á vegum samstarfsnefndar LSH og SLFÍ, sem skipaður er einum fulltrúa frá hvorum aðila hefur umsjón með og gerir tillögur um mat á námskeiðum og öðru námi sem nýtist sjúkraliðum í starfi sbr. grein 4 í stofnanasamningi.

## Bókun 3

Sjúkraliði með a.m.k. þriggja ára starfsreynslu sem ræður sig til starfa á LSH á rétt á endurmati á röðun eftir sex mánuði í starfi.

## Bókun 4

### Sjúkraliðar af sjúkraliðabréu<sup>4</sup>

Sjúkraliðar sem ljúka námi eftir sjúkraliðabréu á forsendum starfs hjá LSH og sem eru starfsmenn LSH á meðan á námi stendur raðast miðað við eins árs starfsreynslu og teljast því vera sjúkraliðar B samkvæmt starfaflokkun í stofnanasamningi aðila.

1. Starfsmenn þessir skulu ekki lækka í launum við að færast á milli stéttarfélaga í tilefni af sjúkraliðanámi ef þeir halda áfram í sama starfi að námi loknu (með þeirri einu breytingu að fara að starfa samkvæmt starfslýsingu sjúkraliða)
2. Þeir sem fara í hærri röðun en röðunarkerfi stofnanasamnings kveður á um vegna liðar 1 hér að framan hækka ekki í launum eftir yfirfærslu fyrr en þeir hafa uppfyllt röðunarforsendur stofnanasamnings eins og aðrir sjúkraliðar (þurfa að ná upp í "loftflokk" áður en til frekari hækkunar kemur síðar).

## Bókun 5

### Sjúkraliðar í rannsóknakjarna

Að teknu tilliti til starfslýsingar sjúkraliða í rannsóknakjarna á rannsóknarsviði, mun LSH styðjast við eftirfarandi starfaflokkun viðkomandi sjúkraliða, sbr. nánar gildandi stofnanasamning milli LSH og Sjúkraliðafélags Íslands:

- Byrjandi í starfi á deildinni raðist til launa samkvæmt starfaflokkun sjúkraliða C (grunnlaunafl. 082)
- Eftir eitt ár í starfi á deildinni fer sjúkraliði í starfaflokkun D (grunnlaunafl. 092)
- Eftir þrjú ár í starfi á deildinni fer sjúkraliði í starfaflokkun E (grunnlaunafl. 101)
- Eftir sex ár í starfi á deildinni fer sjúkraliði í starfaflokkun F (grunnlaunafl. 111)

Sjúkraliði sem hefur áunnið sér rétt til röðunar í starfaflokkun D, E eða F annars staðar á LSH heldur þeirri röðun við flutning á deild klínískrar lífefnafræði. Sama gildir um reynslu annars staðar frá sem viðkomandi yfirmaður á LSH metur sambærilega.

Að öðru leyti gilda ákvæði stofnanasamnings LSH og Sjúkraliðafélags Íslands um röðun og mat á menntun sjúkraliða á deild klínískrar lífefnafræði.

## Bókun 6

### Endurskoðun starfaflokkunar

Starfaflokkun fyrir sjúkraliða D, E og F í fylgiskjali 1 verður lokið með samkomulagi aðila fyrir árslok 2013 en þá skulu starfslýsingar sjúkraliða hafa verið endurskoðaðar, m.a. til samræmis við lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012.

<sup>4</sup> Reglur um sjúkraliða af sjúkraliðabréu voru samþykktar í samstarfsnefnd 23. maí 2008

## Bókun 7

### Sjúkraliðar með eins árs sérnámi

Nýtt ákvæði í grein 4, d um umbun til handa þeim sem lokið hafa eins árs sérnámi (t.d. í geð- og öldrunarhjúkrun) kemur ekki í stað starfa samkvæmt starfslýsingu S. Ákvæðið má ekki hindra fjölgun starfa samkvæmt starfslýsingu S á Landspítala né heldur leiða til fækkunar viðkomandi starfa. Aðilar munu fylgjast með þróun fjölda þessara starfa á vettvangi samstarfsnefndar.

Sjúkraliðar vinnuskjal vegna röðunarreglna í stofnanasamningi - LSH

júní 2013

		Röðun starfa	Viðbótarmenntun 4a. <sup>2)</sup>	Viðbótarmenntun 4b. <sup>2)</sup>	Símenntun 120 st. <sup>3)</sup>	Símenntun 210 st. <sup>3)</sup>	Eins árs sérnám <sup>4)</sup>	Næturv +50% / +60% <sup>5)</sup>
Nemi	S.nemi í starfsþjálfun	030						
A	S á 1. starfsári	052	+ 1 þrep	+ 1 þrep	+ 1 þrep	+ 2 þrep	+ 1 flokkur	+ 3 þrep / 4 þrep
B	S á 2. og 3. starfsári	061	+ 1 þrep	+ 1 þrep	+ 1 þrep	+ 2 þrep	+ 1 flokkur	+ 3 þrep / 4 þrep
C	Eftir þriggja ára starf	082	+ 1 þrep	+ 1 þrep	+ 1 þrep	+ 2 þrep	+ 1 flokkur	+ 3 þrep / 4 þrep
D	Sbr. starfaflokkun D	092	+ 1 þrep	+ 1 þrep	+ 1 þrep	+ 2 þrep	+ 1 flokkur	+ 3 þrep / 4 þrep
E	Sbr. starfaflokkun E 1)	101-102	+ 1 þrep	+ 1 þrep	+ 1 þrep	+ 2 þrep	+ 1 flokkur	+ 3 þrep / 4 þrep
F	Sbr. starfaflokkun F	111	+ 1 þrep	+ 1 þrep	+ 1 þrep	+ 2 þrep	+ 1 flokkur	+ 3 þrep / 4 þrep
S	M. sérnám. - Sérst.starfslýsing	130	+ 1 þrep	+ 1 þrep	+ 1 þrep	+ 2 þrep		+ 3 þrep / 4 þrep

1) Sjúkralið E sem raðaðist í efstu spönn samkvæmt skilgreiningu sjúkraliða 6 (sjúkralið 6c) samkvæmt röðunarkerfi sem gilt fyrir 11. des. 2006, raðast í launaflokk 102

2) Viðbótarmenntun, sem nýtist í viðk. starfi samkv. mati samst.nefndar SLFÍ og LSH:

- + 1 þrep (stofnanasamn. gr. 4-a) - viðbótarmenntun ein önn á sérvíði
- + 1 þrep (stofnanasamn. gr. 4-b) - viðbót við 4-a - viðbótarmenntun í fleiri en einni grein

3) Símenntun samkv. mati samstarfsnefndar SLFÍ og LSH (sbr. reglur matsnefndar):

- + 1 þrep f. 120 st. nám og
- + 2 þrep f. 210 st. nám.

Hámark 3 þrep v. símenntunar. (stofnanasamn. gr. 4-c).

4) Sjúkralið í starfaflokkun A-F sem lokið hefur eins árs sérnámi (t.d. í geð- og öldrunarhjúkrun) en hefur ekki verið ráðinn samkvæmt starfslýsingu S hækkar um einn launaflokk.

5) Sbr. stofnanasamning gr. 5.

Sjúkraliðabréu: Sjúkraliðar sem ljúka námi eftir sjúkraliðabréu á forsendum náms á LSH og eru starfsmenn LSH á meðan á námi stendur raðist í B.

Þeir skulu ekki lækka í launum við að færast á milli stéttarfélaga ef þeir halda áfram í sama starfi, sbr. yfirlýsing LSH í samstarfsnefnd 23.05.2008 og bókun 4 með stofnanasamningi aðila.

OK KAG.